

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautalýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1652-1653 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautarlýsingu listnámsbrautar (LN).

2. gr.

Ný brautarlýsing fyrir listnámsbraut verður sem hér segir:

Listnámsbraut (LN)

105 ein.

Með námi á listnámsbraut er lagður grunnur að listiðkun og frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Listnámsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut en nemendur, sem þess óska, geta bætt við sig einingum í bóklegum greinum og aflað sér þannig almennari réttinda til náms á háskólastigi.

Kjarni

51 ein.

Íslenska	ÍSL 103 203 303	9 ein.
Stærðfræði	STÆ 103	3 ein.
Erlend tungumál		12 ein.
Enska	ENS 103 203	
Danska	DAN ¹ 103 203	
Samfélagsgreinar		6 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103	
Listir og menning	LIM 103 113 203	9 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Náttúruvísindi	NÁT 103	3 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 2	6 ein.

Kjörsvið

45 ein.²

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í listgreinum í samræmi við markmið brautarinnar. Unnt er að velja á milli átta kjörsviða á listnámsbraut. Kjörsvið listnámsbrautar eru:

Klassískur listdans

Klassískur ballett	KLA 103 204 303 404 503 604
Táskór/repertoire	TÁS 101 201 301 401 501 601
Nútímalistdans	NTD 103 204 303 411
Djassdans	DJA 101

¹ Norska eða sænska.

² Á kjörsviðum í klassískum listdansi og nútímalistdansi er gert ráð fyrir að einingar í íþróttum sbr. brautarkjarna verði nýttar í verklegum dansgreinum þannig að heildarfjöldi eininga í brautarkjarna verði 45 ein. en 51 ein. samtals í kjörsviðsgreinum.

Spuni	SPD 101 201
Danssmíðar	DSM 101
Listdanssaga	LDS 103 203 303
Nútímalistdans	
Nútímalistdans	NTD 103 204 303 404 411 503 512 604
Klassískur ballett	KLA 112 211 312 411 512 611
Djassdans	DJA 101 202
Spuni	SPD 101 201
Danssmíðar	DSM 101 202
Listdanssaga	LDS 103 203 303
Kóreografía	KGR 101
Almenn hönnun	
Sjónlistir	SJL 103 203
Almenn hönnun	AHL 103 113 123 133 143 203 213 303 403 503
Almenn hönnun; saga	AHS 103 203 303
Handverkshönnun	
Sjónlistir	SJL 103 203
Textíl- og fatahönnun	THL 103 112 122 136 143 203 212 303 406
Almenn hönnun; saga	AHS 103 203 313
Margmiðlunarhönnun	
Sjónlistir	SJL 103 203
Margmiðlunarhönnun	MHL 103 203 213 304 313 323 333 403 504
Margmiðlunarhönnun; saga	MHS 103 203 304
Myndlist	
Sjónlistir	SJL 103 203
Myndlist	MYL 103 202 212 222 233 303 314 403 504 603
Myndlist; saga	MYS 103 203 304
Tónlist	
Sjá aðalnámskrá tónlistarskóla.	

Frjálst val nemand**9 ein.**

Nemandi velur 9 einingar af námsframboði viðkomandi skóla. Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 18. maí 2006.***Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.***Guðmundur Árnason.*